

# Samstarfsnefnd um sameiningu Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps

Þriðji fundur, haldinn á skrifstofu Þingeyjarsveitar 18. september 2019 kl. 14:00.

Mætt voru:

**Aðalfulltrúar:** Arnór Benónýsson formaður, Margrét Bjarnadóttir, Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir og Jóna Björg Hlökkversdóttir. Fundarboð barst ekki Halldóri Þorláki Sigurðssyni og var hann því fjarverandi. Helgi Héðinsson varaformaður boðaði forföll.

**Varafulltrúar:** Friðrik Jakobsson mætti fyrir Helga Héðinsson.

**Sveitarstjórar:** Dagbjört Jónsdóttir og Þorsteinn Gunnarsson.

**Verkefnisstjórar:** Jón Hrói Finnsson og Róbert Ragnarsson

Fundargerð ritaði Jón Hrói Finnsson

## Dagskrá skv. fundarboði:

1. Samningur við RR ráðgjöf
2. Fundur jöfnunarsjóðs
3. Starfsmannafundir
4. Tilboð í vefkerfi
5. Hönnun merkis fyrir verkefnið
6. Vinna við verkefnisáætlun
7. Nýsköpun í norðri

Í upphafi fundar lagði Þorsteinn til að umfjöllun um drög að reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um úthlutun framlaga vegna sameininga sveitarfélaga yrði bætt á dagskrána, sem var samþykkt.

### 1. Samningur við RR ráðgjöf

Samningur við RR ráðgjöf var samþykktur samhljóða og undirritaður af fulltrúm beggja aðila.

### 2. Fundur Ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 5.9.2019

Arnór sagði frá fundi Jöfnunarsjóðs þann 5.9.2019. Fulltrúar Þingeyings á fundinum voru Arnór, Helgi, Þorsteinn, Dagbjört og Jón Hrói. Formleg afgreiðsla á erindi Þingeyings til Jöfnunarsjóðs hefur ekki borist.

### 3. Starfsmannafundir 12.9.2019

Jón Hrói og Róbert gerðu grein fyrir fundum með starfsmönnum sem haldnar voru 12. september sl. Í samræmi við stefnu samstarfsnefndar um viðtækt samráð. Fram kom að um 30 starfsmenn voru á fundinum í Reykjahlíðarskóla og um 35 í skólunum í Þingeyjarsveit.

### 4. Tilboð í vefkerfi

Fyrir liggur tilboð frá Stefnu um uppsetningu og áskrift að vefumsjónarkerfi. Upphafskostnaður er kr. 134.550 auk virðisaukaskatts. Mánaðarleg áskriftargjöld eru kr. 7.900 án virðisaukaskatts. Samþykkt að ganga frá samningi við Stefnu. Stefnt er að því að drög að veftré liggi fyrir þegar nefndin kemur næst saman.

**5. Hönnun merkis fyrir verkefnið**

Lagt er til að leitað verði tilboða í hönnun merkis fyrir Þingeying sem nota mætti á heimasíðu og til að auðkenna kynningarefni.

Nefndarmenn voru sammála um að hanna þurfi merki fyrir verkefnið. Ráðgjöfum falið að leita tilboða.

Forsendur merkis: Kraftur og hreyfing.

**6. Vinna við verkefnisáætlun**

Áfram unnið í verkefnisáætlun Þingeyings. Meðal annars voru skilgreind gildi fyrir verkefnið: Hamingja og samstarf, gleði og fagmennska. Ráðgjöfum falið að gera tillögu að verkaskiptingu rýnihópa fyrir næsta fund.

**7. Nýsköpun í norðri**

Formaður upplýsti um stöðu og gang verkefnisins.

**8. Drög að reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um úthlutun framlaga vegna sameininga sveitarfélaga**

Lagt er til að sveitarstjórnir Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar sendi sameiginlega umsögn um drög að reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um úthlutun framlaga vegna sameininga sveitarfélaga. Ráðgjöfum falið að gera drög að umsögn.

Meðal annars verði í umsögninni áhersla á að viðhaldspörf og lífeyrisskuldbindingar verði metin til jafns við skuldastöðu í útreikningi framlaga. Gæta þarf samræmis á milli þróunar og nýsköpunarmarkmiða í þingsályktunartillögu og úthlutun framlaga.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:30.

Margrét Benedíktí

Ragnheiður Ólafsdóttir

Jóna Þórunn Haldrup

Þórunn Þórunn

Anna Ólafsdóttir

Ólafur Þórunn

Ólafur Þórunn

Ólafur Þórunn

Ólafur Þórunn